

55 upphæð fellur því niður, en 55 kr. 33 a. ber að greiða Eyrarbakkaheppi og er því hjer með úrskurðað, að hreppsnefndin í hinum forna Leiðvallarheppi endurgjaldi Eyrarbakkaheppi þessa upphæð.

Jafnframt því að tjá yður þetta, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í hinum forna Leiðvallarheppi, skal jeg mælast til þess, að þjer annist um, að nún sem fyrst greiði nefndar 55 kr. 33 a.

Auglýsing

um

56
9. júní

tílsökun á ákvæðum 7. og 8. gr. í lögum 6. nóv. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, er gildir fyrir herskip, sem hafa lækni, og gufuskip, sem fara reglulegar ferðir milli Íslands og annara landa eptir auglýstri áætlun.

Samkvæmt 9. gr. í lögum 6. nóv. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, auglýsist hjer með, að herskip, sem hafa lækni, og gufuskip, sem fara reglulegar ferðir milli Íslands og annara landa eptir auglýstri áætlun, skulu njóta þeirrar tílsökunar á ákvæðum 7. og 8. gr. laganna, sem hjer segir:

1. grein.

Gufuskipi, sem fer reglulegar ferðir milli Íslands og annara landa eptir auglýstri áætlun, og er samkvæmt 1. gr. laganna aðkomuskip á íslenzkri höfn, skal frjálst að hleypa mönnum og farangri á land tafarlaust, ef skipstjóri send-sóttgæzlumanni með fyrstu ferð í land svohljóðandi yfirlýsingu:

Undirritaður skipstjóri á skipinu
sem kemur frá lýsi yfir því, upp á æru mína og samvitzku, að á skipinu eru ekki og hafa ekki verið, hvorki á brottfararstað þess eða á leiðinni neinir sjúkir menn, sem grunur geti leikið á um að hafi, eða hafi haft næman sjúkdóm, eða lík manna, sem dánir sjeu úr slíkum sjúkdómi.

2. grein.

Ef sjúkir menn eða lík eru á skipinu og er um næman sjúkdóm að ræða, eða grunsamt að svo sje, t. d. vegna þess, að sjúkdómurinn hefir verið innvortis og honum fylgt sóttthiti, þá skal skipstjóri að öllu leyti haga sjer eptir fyrirmælum 7. gr. laganna.

3. grein.

Ef skipið samkvæmt 11. gr. laganna er skyldugt að hafa uppi sóttvarnarveifu, verður það ekki þeirrar tílsökunar aðnjótandi, sem felst í 1. gr. þessarar auglýsingar, enda þótt enginn sje eða hafi verið sjúkur á því.

4. grein.

7. gr. laganna skal eigi beitt gegn varðskipinu danska hjer við land, er það hefir lækni. Önnur dönsk herskip, sem hafa lækni, skulu vera undanþegin þeirri tilkynningarskyldu, sem ákveðin er í 7. gr. laganna.

Öll herskip, sem hafa lækni, skulu og vera undanþeginn þeirri læknisrannsókn, sem um ræðir í 8. gr. laganna, ef skipslæknir skýrir hjeraðslækni frá heilbrigði manna á skipinu. Þær ráðstafanir, sem sóttvarnarnefnd telur þörf að gera og byggðar eru á skýrslu skipslæknis, skal birta foringja skipsins.

Ef herskip, hvort heldur er danskt eða frá öðru ríki, er samkvæmt 11. gr. laganna skyldugt að hafa uppi sóttvarnarveifu, þá skal foringi þess að öllu leyti fara eptir fyrirmælum laganna.

Reykjavík, 9. júní 1903.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

56

9. júní

Reglur

um sóttþreinsun á skipum.

Samkvæmt 19. gr. laga 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands eru hjer með settar eptirfarandi reglur um sóttþreinsun á skipum og farangri.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Þá er skip er sóttþreinsað, skal læknir vera viðstaddur og segja fyrir verkum, ella fá til þess mann, sem vanur er sóttþreinsunarstarfi.

Skipverjar eru skyldir að vinna að sóttþreinsuninni; ef fleiri manna þarf við, skal sóttvarnarnefnd fá þá úr landi, en taka svo fáa, sem komizt verður af með.

Allir þeir, er að sóttþreinsun vinna, skulu hafa yzt klæða strigaföt eða þjett ljereptsföt, sem hylji vel annan klæðnað allan. Að loknu verki skulu þeir sóttþreinsa þessi utanyfirföt (sbr. 6. gr.) og þvo höfuð og hendur úr sublimatvatni (1⁰/₀₀) og skó sína úr karbólvatni (5⁰/₀) eða sublimatvatni (2⁰/₀₀)

2. gr.

Að jafnaði skal haga verkum á þann hátt og þau vinna í þeirri röð, sem hjer segir:

- 1) Ef sjúkir menn eru á skipinu, skal flytja þá á land í sóttvarnarhús.

57

15. júní